

Til menningar- og safnanefndar Garðabæjar

Efni: Umsókn um styrk vegnar tónleikaraðar kennara úr Tónlistarskóla Garðabæjar 2016-17

Sótt er um styrk til að standa straum af kostnaði við 4 tónleika sem tónlistarmenn úr röðum kennara Tónlistarskóla Garðabæjar stæðu fyrir. Tónleikarnir yrðu haldnir í sal Tónlistarskóla Garðabæjar og yrðu öllum opnir.

Tónleikaröð sem þessi gæfi kennurum skólans tækifæri til að koma fram, einnig þeim sem hafa ekki endilega verið virkir í tónlistarlífinu. Reynslan við að koma fram og vera virkir flytjendur tónlistar nýtist kennurunum í kennslunni. Hún gerir þá að betri tónlistarmönnum og er nemendum þeirra innblástur og hvatning.

Tónleikarnir gera skólann og starfsfólk hans sýnilegri í Garðabæ og auðgar menningarlífið.

Ætlunin er að tvennir tónleikar verði á haustönn og tvennir á vorönn og er dagskráin í grófum dráttum þessi:

1. Rússnesk og a-evrópsk kammertónlist fyrir strengi og píanó

Flytjendur: 2 píanóleikarar, fiðluleikari, 2 víóluleikarar og sellóleikari

2. Söngtónleikar, „Dívur og dúettar“

Flytjendur: 3 söngkonur og píanóleikari

3. „Jazzband Garðabæjar“ Jazz- og spunatónleikar

Flytjendur: Píanóleikari, rafgítarleikari, rafbassaleikari og slagverksleikari

4. Gítar og þverflauta: Verk frá 20. og 21. öld

Flytjendur: gítarleikari og þverflautuleikari

Kristín Björg Ragnarsdóttir

Helga Björg Ágústsdóttir

Guðrún Þórarinsdóttir

Móeiður Anna Sigurðardóttir

Guðrún Jóhanna Jónsdóttir

Þóra Björnsdóttir

Þórunn Vala Valdimarsdóttir

Guðrún Dalía Salómonsóttir (tengiliður, gudrundalia@yahoo.com)

Sólveig Anna Jónsdóttir

Ómar Guðjónsson

Þorgrímur Jónsson
Sunna Gunnlaugsdóttir
Jón Óskar Jónsson
Þórarinn Sigurbergsson
Björn Davíð Kristjánsson

Vonast er til að geta haft aðgang ókeypis fyrir nemendur skólans og aðgangseyri mjög hóflegan fyrir aðra gesti. Sótt er um styrk fyrir hluta af greiðslu handa listamönnunum, prentun plakata og blómum.

Kostnaðaráætlun

Tónleikar 1:

Laun flytjenda kr. 50.000 á mann, alls kr. 300.000.
Áætlaður aðgangseyrir 40 miðar@kr. 1500, alls kr. 60.000.
Kostnaður eftir: kr. 240.000

Tónleikar 2:

Laun flytjenda kr. 60.000 á mann, alls kr. 240.000
Áætlaður aðgangseyrir 40 miðar@kr. 1500, alls kr. 60.000.
Kostnaður eftir: kr. 180.000

Tónleikar 3.

Laun flytjenda kr. 60.000 á mann, alls kr. 240.000
Áætlaður aðgangseyrir 40 miðar@kr. 1500, alls kr. 60.000.
Kostnaður eftir: kr. 180.000

Tónleikar 4

Laun flytjenda kr. 70.000 á mann, alls kr. 140.000
Áætlaður aðgangseyrir 40 miðar@kr. 1500, alls kr. 60.000.

Kostnaður eftir: kr. 80.000

Annar kostnaður: Prentun veggspjalda og efnisskráa kr. 30.000, blóm kr. 20.000

Kostnaður alls: kr. 970.000

Áætlaðar tekjur: kr. 240.000

Upphæð sem sótt er um: kr. 730.000